



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 75. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 3. nóvember 2016  
og hófst kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður  
Zophonías Ari Lárusson varaformaður  
Hörður Ríkharðsson aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2017 - 1610007**

*Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri Barnabæjar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri leikskólans Barnabæjar fyrir árið 2017.*

*Sigríður Hrönn Bjarkadóttir, forstöðumaður Félagsstarfs aldraðra, mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri Félagsstarfs aldraðra fyrir árið 2017.*

**2. Félags- og skólaþjónusta A-Hún - fundargerð frá 19. september 2016 - 1610011**

*Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A - Hún lögð fram til kynningar.*

**3. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 12. okt 2016 - 1610021**

*Fundargerð Hafnarsambands Íslands lögð fram til kynningar.*

**4. Fundur samráðshóps um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra - 1610018**

*Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra lögð fram til kynningar.*

*Byggðaráð leggur til við sveitarstjórn Blönduósbæjar að fyrirbyggjandi tillaga frá samráðshópi fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra verði samþykkt.*

**5. Íbúðalánajóður - framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir - 1607018**

*Íbúðalánasjóður er búinn að auglýsa eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum. Fjárhæð úthlutunar í stofnframlög ríkisins á árinu 2016 er að hámarki einn og hálfur milljarður.*

*Byggðaráð felur tæknideild að leggja mat á það hvort að þessi leið sé vænlegur kostur fyrir sveitarfélagið.*



**6. Innanríkisráðuneytið - form og efni viðauka við fjárhagsáætlun - 1610012**

*Innanríkisráðuneytið vill skerpa á verklagi sveitarfélaga vegna gerð viðauka við fjárhagsáætlun og tryggja að ef víkja þarf frá fjárhagsáætlun sé það gert með formlegum og gagnsæjum hætti.*

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Brunabótafélag Íslands - Ágóðahlutagreiðsla 2016 - 1610005**

*Stjórn EBF hefur ákveðið að greiða út 50 mkr. til aðildarsveitarfélaga fyrir árið 2016. Hlutdeild Blönduósbæjar er kr. 504.500 kr.*

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Foreldrafélag Barnabæjar - erindi - 1610020**

*Stjórn foreldrafélags leikskólans Barnabæjar hefur miklar áhyggjur af bílastæðamálum við leikskólann og fer þess á leit að þau mál verði skoðuð. Einnig vill foreldrafélagið benda á að gangstéttarmálum við Sunnubraut, Holtabraut og Smárabraut sé ábótavant. Auk þess fagnar foreldrafélagið lagfæringum á gangbrautum Blönduósbæjar.*

*Byggðaráðið þakkar fyrir framkomuð bréf foreldrafélagsins og mun taka erindið upp við tæknideild Blönduósbæjar vegna fjárhagsáætlunar 2017 sem nú stendur yfir.*

**9. Félags- og skólaþjónusta A - Hún - svar við erindi - 1610010**

*Fært í trúnaðarbók.*

*Hörður Ríkharðsson vék af fundi undir þessum lið.*

**10. Kvenfélagið Vaka - gjafabréf - 1611003**

*Kvenfélagið Vaka hefur fært félagsheimilinu 60 stk. af borðdúkum til eignar að andvirði 120.000 kr.*

*Byggðaráð vill þakka Kvenfélaginu Vöku kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf.*

**11. Önnur mál - 1506021**

*Engin önnur mál*



Byggðaráð

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15**

---

Guðmundur Haukur  
Jakobsson

---

Zophonías Ari Lárusson

---

Hörður Ríkharðsson

---

Arnar Þór Sævarsson